

Um virðinguna

Virðing

Mikilvægt siðferðilegt gildi:

- Við virðum einstaklinginn með því að veita honum **athygli**
- Við virðum einstaklinginn með því að gefa honum **rými** til athafna

Lögmálið um virðinguna fyrir persónunni

- Breyttu þannig að þú komir aldrei fram við manneðlið, hvort sem það er í persónu þín sjálfs eða persónu allra annarra, einungis sem tæki heldur ávallt um leið sem markmið

Kant: Grundvöllur að Siðferðilegri breytni.

Lögmálið um virðinguna fyrir persónunni

- Öll röng breytni birtist í því að við látum nota okkur sjálf eða vanvirðum aðra - að virða ekki sjálfstæðan vilja, dómgreind og skynsemi fólks heldur ráðskast með það (oft í bestu meiningu), d. forræðishyggja gagnvart öldruðum
- Að hver og einn hafi hugrekki til að treysta og nota eigin dómgreind, hugsa fyrir sjálfan sig, fylgja boðum eigin skynsemi og samvisku

Virðingin fyrir manneskjunni

- “Ég á ekki við virðingu sem við kunnum að auðsýna fólki vegna stöðu sinnar eða afreka og er því ávallt skilyrðum háð, heldur þá sem okkur ber að sýna persónu án tillits til hlutverks, hæfileika, stöðu, aldurs, kyns, kynþáttar eða afkasta“

(Vilhjálmur Árnason: Siðfræði lífs og dauða)

Velferð

- “Í samskiptum ber okkur einnig að bera umhyggju fyrir velferð annarra og auðvelda þeim að ná sínum eigin markmiðum. Þessa reglu kennir Kant við *kærleikann* sem færir fólk nær hvert öðru...Krafa kærleikans um hlutdeild í kjörum annarrar manneskju má þó að öllu jöfnu ekki vera á kostnað þess að virða sjálfstæðan vilja hennar, því að í siðferðilegu sjálfræði eru rætur þeirrar virðingar sem okkur bera að auðsýna öllum persónum.”

(Vilhjálmur Árnason: Siðfræði lífs og dauða)

Virðing vs Kærleikur

- “Lögmálið um *gagnkvæman kærleika* hvetur menn til að *nálgast* stöðugt hver annan; lögmálið um *virðingu*, sem menn eiga að auðsýna hver öðrum hvetur þá til að halda sér í *fjarlægð* hver frá öðrum”

(Vilhjálmur Árnason: Farsælt líf, réttlátt samfélag)

Virðingin sem rými

- “Ég get ekki gert nokkurri manneskju gott út frá *mínum* hugmyndum um hamingju (ef undanskilin eru börn og fólk sem er viti sínu fjær) ...heldur einungis samkvæmt hamingjuhugmynd *hennar sjálfrar*.”

(Vilhjálmur Árnason: Farsælt líf, réttlátt samfélag)

Hvers vegna á að auðsýna virðingu?

- “Kjarni kröfunnar um virðinguna fyrir manneskjunnari er að hver einstaklingur fái notið þessarar sérstöðu sinnar án réttmætrar íhlutunar annarra. Það felur í sér að taka hennar eigin verðmætamat og sjónarhorn á lífið alvarlega, ekki vegna þess að maður sé sammála því eða telji það henni til góðs heldur vegna þess að persóna hennar er fólgin í þeim.”

(Vilhjálmur Árnason: Síðraði lífs og dauða)

Um mikilvægi virðingar

- Upplýst samþykki í rannsóknum
- Um réttinn til að fá vitneskju um eigin mál
- Friðhelgi einkalífs
- Að aðrir viti ekki meira um mann en maður sjálfur (tölvu og upplýsingasamfélagið)
- Þagnarskylda
- Að hafa næga sjálfsvirðingu til móta/skapa eigin persónu
